

Nd.

298. Frumvarp til laga

[123. mál]

um breyting á lögum nr. 80 7. september 1942, um kosningar til Alþingis.

(Lagt fyrir Alþingi á 78. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Kjörskrá til alþingiskosninga semja bæjarstjórnir í kaupstöðum, en hreppsnefndir í hreppum. Kjörskrá skal samin í febrúarmánuði ár hvert og gildir frá 1. maí það ár til 30. apríl næsta ár á eftir.

2. gr.

Fyrri tölulíður 1. málgr. 15. gr. laganna orðist svo:

1. Þá, sem fullnægja öllum skilyrðum 1. gr. þessara laga og voru heimilisfastir í sveitarfélaginu hinn 1. desember næst á undan.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frv. þessu er lagt til, að eftirfarandi breytingar verði gerðar á lögum um kosningar til Alþingis: 1) Kjörskrár séu miðaðar við heimilisfesti manna undan-genginn 1. desember, en ekki við heimilisfesti manna í febrúarmánuði, eins og er samkvæmt 15. gr. kosningalaga. 2) Fellt sé niður það ákvæði 14. gr., að samin skuli sérstök kjörskrá fyrir hverja kjördeild. 3) Gildistími kjörskrár reiknist frá 1. maí til jafnlengdar næsta ár, en ekki frá 15. júní til jafnlengdar árið eftir, eins og er samkv. 14. gr. kosningalaga. — Hér er um að ræða hliðstæðar breytingar á lögum um kosningar til Alþingis og ákveðnar voru síðastliðið ár á lögum um sveitarstjórnarkosningar (lög nr. 44/1958), að því undanskildu, að ekki er að svo stöddu lagt til, að kjörskrár til alþingiskosninga skuli því aðeins samdar, að kosningar eigi að fara fram. Svo var hins vegar ákveðið um kjörskrár til sveitarstjórnarkosninga, með lögum nr. 44/1958.

Hér á eftir verður gerð stutt grein fyrir þeim rökum, sem liggja til grundvallar þeirri breytingu á alþingiskosningalögum, sem felst í frv.

Um 1. gr.

Samkvæmt hinu nýja orðalagi 14. gr., sem lagt er til, að lögfest verði, er fellt niður ákvæðið um, að sérstök kjörskrá skuli samin fyrir hverja kjördeild. Er þetta ákvæði óþarft að því er snertir þá kjörskrá, sem kosið er eftir á kjördegi, þar sem hún hlýtur samkvæmt eðli málsins að vera sniðin eftir þörfum þeirrar kjördeilda-skiptingar, sem í gildi er í viðkomandi sveitarfélagi. En hins vegar er ástæðulaust að fyrirskipa, að kjörskrá til framlagningar samkvæmt 19. gr. laganna skuli vera sérstök fyrir hverja kjördeild. Nægilegt er, að kjörskrá sú, er lögð skal fram í hverri kjördeild — sem hér merkir kjörsvæði — samkvæmt 19. gr. laganna, sé heildarkjörskrá viðkomandi kaupstaðar eða hrepps. Þessu ákvæði hefur yfirleitt ekki verið framfylgt, þar sem þótt hefur nægja að leggja fram heildarkjörskrá fyrir hreppinn eða kaupstaðinn, þegar um kjörsvæðaskiptingu hefur verið að ræða. En aðalástæða þess, að nú er lagt til að fella niður þetta ákvæði, er sú, að það er ósamrímalegt þeirri nýju tilhögun, að þjóðskráin láti sveitarstjórnnum í té kjörskrárstofna, er síðar verða gildar kjörskrár, sbr. ákvæði 15. gr. laga nr. 31/1956, um þjóðskrá og almannaskráningu. Hins vegar samrímist það vel hinni nýju til-

högun kjörskrárgerðar, að á hverju kjörsvæði sveitarfélags sé lögð fram kjörskrá fyrir allt umdæmið, og er algerlega óþarft að gera meiri kröfur í því efni.

Hin breytingin, sem lagt er til, að gerð verði á 14. gr. alþingiskosningalaga, er sú, að gildistími kjörskrár reiknist frá 1. maí ár hvert til 30. apríl næsta ár á eftir, en ekki frá 15. júní til 14. júní, eins og nú er. Ef kjörskrár eru samdar í febrúarmánuði, eru tímafrestir þeir, sem ákveðnir eru í kosningalögum, ekki því til fyrirstöðu, að kjörskrár taki gildi þegar 1. maí. Virðist því rétt að gera þessa breytingu, þar sem æskilegt er, að við alþingiskosningar, er að undangengnu þingrofi færu fram í maímánuði, væru notaðar kjörskrár miðaðar við næstliðinn 1. desember, en ekki við 1. desember hálfu öðru ári áður.

#### Um 2. gr.

Eina breytingin, sem lagt er til að gera á 15. gr. laganna, er sú, að kjörskrár séu miðaðar við heimilisfesti manna 1. desember, en ekki við heimilisfesti í febrúarmánuði. Núgildandi tilhögun var eðlileg, meðan prestar tóku manntal um hver áramót og ekki var um að ræða neina samræmingu manntalsskráningar milli sveitarfélaga, en eftir að hafin er gerð íbúðaskráa fyrir öll sveitarfélög landsins miðað við 1. desember ár hvert, eru viðhorfin gerbreytt í þessu efni. Nú virðist rétt og sjálfsagt, að kjörskrár séu miðaðar við sama tíma og íbúaskrár, þ. e. 1. desember. Skattskrár, iðgjaldaskrár Tryggingastofnunar og sóknargjaldaskrár eru lögum samkvæmt miðaðar við 1. desember, enda eru þær byggðar á íbúaskrá, og sama gildir í framkvæmd um aðrar árlegar skrár um mannfjöldann. Ef horfið væri að því ráði að miða kjörskrár við heimilisfesti manna 1. desember, þá mundi, í fyrsta lagi, sparast mikill kostnaður og umstang fyrir Hagstofuna, sveitarstjórnir og stjórnmalaflokka. Og í öðru lagi mundi hverfa mikið af þeirri óvissu og ringulreið við gerð kjörskráa, sem óhjákvæmilega hlýtur að fylgja því, að viðmiðunartími þeirra er annar en gildir við hliðstæða skrárgerð.